

# Stjórnarfundur LH 13. nóvember 2004

## 1. fundur nýkjörinnar stjórnar

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru; Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Sigfús Helgason, Sigurður Emil Ævarsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Guðný G. Ívarsdóttir, Einar Ragnarsson, Halldór Halldórsson, Sigurður Sveinbjörnsson, María Þórarinsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu LH í Laugardal. Eftirfarandi var bókað.

1. Fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfundar samþykktar.

2. **Stjórn skiptir með sér verkum.**

Gjaldkeri er áfram Guðný G. Ívarsdóttir og Einar Ragnarsson valinn ritari. Varastjórn er boðið að sitja hvern fund og stefnt að því kynna fyrirkomulag og dagsetningar stjórnarfundar á næsta fundi.

3. **Skipan í nefndir LH**

**Keppnisnefnd.** Aukið hlutverk er hjá keppnisnefnd vegna FIPO og nauðsynlegt að endurskoða reglugerð nefndarinnar. Nefndarmenn: Hörður Hákonarson, formaður, Ágúst Hafsteinsson, Halldór Svansson, Stefán Friðgeirsson, Hulda Gústafsdóttir og Sigurður Ævarsson. Sigurður Sæmundsson og Einar Ragnarsson verði nefndinni til aðstoðar í upphafi. Fyrsta verkefni keppnisnefndar er að semja reglugerð fyrir nefndina og ganga frá FIPO til kynningar fyrir vorið.

**Upplýsinga og tækninefnd.** Oddur Hafsteinsson, formaður, Álfhildur Leifsdóttir og Valdimar Snorrason. Hestamiðstöðin er eigandi tölvukerfisins og verður að huga að því hvað um það verði um áramót þegar miðstöðin leggst af. Haraldur, Ingvar og Oddur fari í viðræður við Bændasamtök Íslands um málið.

**Æskulýðsnefnd.** Lagt til að nefndin verði óbreytt.

**Landsliðsnefnd.** Lagt til að nefndin verði óbreytt. Árekstrar hafa orðið vegna skautatölts fyrir norðan og sunnan. Stjórn LH hvetur landsliðsnefnd til að ná samkomulagi um málið. Jón Albert taki saman punkta um mótafyrirkomulag og leggur fram minnisblað á næsta stjórnarfundum.

**Mannvirkjanefnd.** Lagt til að nefndin verði óbreytt.

**Aganefnd.** Tillaga um Guðna Indriðason sem formann, Birgi Sigurjónsson og að Jón Albert hafi samband við Guðna um þriðja mann og varamenn.

**Dómaranefnd.** Einari og Sigurði falið að koma með tillögu á næsta stjórnarfund.

**Ferða- og samgöngunefnd.** Halldór Halldórsson skýrir út hvað tillaga sem samþykkt var á LH þingi hefur í för með sér. Nefndin er ekki lengur skipuð af stjórn LH, heldur skipast hún samkvæmt nýrri reglugerð. Senda þarf bréf til félaganna og fá tilnefningar en stjórnin skipar formann nefndarinnar. Halldór og Jón ganga í málið. Rétt væri að athuga með styrk til að koma málinu á skrið og aðstoða nefndirnar til að samræma starfshætti.

**Kynbótanefnd.** Jón leggur fram hugmyndir að þriggja til fimm manna nefnd. Hlutverk hennar er fræðsla og upplýsingar til félaganna og halda málinu lifandi. Kanna málið fyrir næsta fund. Fylgja eftir ósk um fulltrúa í fagráði.

#### 4. Val á íþróttakonu og íþróttamanni ársins 2004 - ÍSÍ

Kjör íþróttamanns ársins og afhending viðurkenninga til íþróttamanna og íþróttakvenna sérsambanda fer fram í samvinnu við Samtök íþróttafréttamanna 2. Mikil áhersla er lögð á það frá ÍSÍ að sérsamböndin tilkynni ekki val sitt opinberlega fyrir hófið en LH hefur valið sitt afreksfólk. Skrifstofu falið að hafa samband við viðkomandi og ganga frá greinargerð um helstu afrek þeirra á árinu.

#### 5. Önnur mál

- a) **Bréf frá Ingibergi Árnasyni vegna nefndar um gæði gangtegunda.** Sigurður Ævarsson skýrir málið nánar. Umsókn er frá nefndinni um u.þ.b. 3,3 milljón króna fjárveitingu til verkefnisins. Hugmynd um að LH finni fjármagn til þess að hægt sé að fylgja málinu eftir af fullri alvöru. Samþykkt að LH leggi fram 500.000,- kr. til þess að hrinda verkefninu af stað. Gjaldkeri LH og formaður nefndarinnar munu sjá um meðferð fjárins. Stjórn LH sækir um styrki til þess að fullvinna verkefnið.
- b) **Skipulagsmál.** Lögð fram drög að skipuriti. Jón reifar málið og óskar eftir að stjórnarmenn hugsi málið vel fyrir næsta fund. Nauðsynlegt að vinna málið hratt.
- c) **Bréf frá Tone Kolnes um febrúar ráðstefnu FEIF.** Rétt að skoða málið vel fyrir næsta stjórnarfund.
- d) Haraldur reifar hugmyndir að því hvernig LH geti gert sig sýnilegri og öflugri, m.a. með því að bjóða þingnefndum á fund stjórnar LH. Bendir á leiðtoganámskeið og spyr hvort ekki sé rétt að athuga með að bjóða félögunum upp á slík námskeið.
- e) **Næsti fundur ákveðin föstudaginn 10. desember klukkan 13:00.**

*Fleira ekki fært til bókar  
Einar Ragnarsson, fundarritari*